

**Bekkur:** 6. bekkur

**Námsgrein:** Samfélagsfræði

**Kennari:** Margrét Rósa Friðbjörnsdóttir

**Tímafjöldi:** 4 tímar á viku



**Námsgögn:**

Frá Róm til Þingvalla (lesbók og vinnubók)

Norðurlönd (lesbók og vinnubók)

Sveitin

Kortabók

Ljós heimsins (lesbók og vinnubók)

Börn í okkar heimi – fátækt og hungur

Börn í okkar heimi – stríð í heimi

Fræðslumyndir

**Lykilhæfni:**

*Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla.*

*Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.*

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
REYNSLUHEIMUR Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann	<i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none"><li>sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum</li><li>greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf</li><li>aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum</li><li>áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði</li><li>gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis</li><li>notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga</li><li>rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu</li><li>greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Útlistunarkennsla: Kennarinn er í hlutverki fræðarans. Hann miðlar þekkingu, fræðir, útskýrir og spyr spurninga.</li><li>Efniskönnun: Byggist á sjálfstæðri upplýsingaleit nemenda um tiltekið efni í námsefninu, sem þeir kynna sér til hlítar</li><li>Nemendur nálgast lærdóminn í gegnum bækur, umræðu sköpun og ígrundun. Áhersla verður lögð á hópavinnu og samstarf</li><li>Viðfangsefni er tengt við daglegt líf nemenda og samfélag</li><li>Einstaklings- og hópaverkefni</li><li>Fræðslumyndbönd notuð til að dýpka skilning</li><li>Nemendur tjái skoðanir á lýðræðislegum nótum</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Kannanir</li><li>Verkefnabók</li><li>Hópverkefni</li><li>Frammistaða í tímum</li></ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs</li> <li>• gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og tákni í kristni</li> <li>• gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra</li> </ul>		
<p>HUGARHEIMUR</p> <p>Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</p>	<p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund</li> <li>• gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum</li> <li>• áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast</li> <li>• vegið og metið áhrif fyrirmynda</li> <li>• lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun</li> <li>• tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti</li> <li>• sett sig í spor annarra</li> <li>• sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur nálgast lærdóminn í gegnum bækur, umræðu sköpun og ígrundun. Áhersla verður lögð á hópavinnu og samstarf</li> <li>• Viðfangsefni er tengt við daglegt líf nemenda og samfélag</li> <li>• Einstaklings- og hópaverkefni</li> <li>• Fræðslumyndbönd notuð til að dýpka skilning</li> <li>• Nemendur tjái skoðanir á lýðræðislegum nótum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kannanir</li> <li>• Verkefnabók</li> <li>• Hópverkefni</li> <li>• Frammistaða í tímum</li> </ul>
<p>FÉLAGSHEIMUR</p> <p>Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</p>	<p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu</li> <li>• metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt</li> <li>• tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn og sér og í samstarfi við aðra</li> <li>• sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum við aðra</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur nálgast lærdóminn í gegnum bækur, umræðu sköpun og ígrundun. Áhersla verður lögð á hópavinnu og samstarf</li> <li>• Viðfangsefni er tengt við daglegt líf nemenda og samfélag</li> <li>• Einstaklings- og hópaverkefni</li> <li>• Fræðslumyndbönd notuð til að dýpka skilning</li> <li>• Nemendur tjái skoðanir á lýðræðislegum nótum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kannanir</li> <li>• Verkefnabók</li> <li>• Hópverkefni</li> <li>• Frammistaða í tímum</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra</li> <li>• rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum</li> <li>• sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju</li> </ul>		
--	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--	--

**Nánari skýringar á námsmati:**

Fjórar kannanir úr Frá Róm til Þingvalla, mat á vinnubók, hópverkefni og glærusýning

Átta kannanir úr Norðurlönd, mat á vinnubók, hópverkefni og glærusýning

Ljós heimsins, vinnubók og hópverkefni

Börn í okkar heimi - hópaverkefni